

ákvæði byggingarsamþykktarinnar næðu óskorað til húss þess, sem mál þetta er risið af, ber að dæma ákærða til að þola, að umrætt hús verði rifið niður á hennar kostnað, sbr. ákvæði 38. gr. byggingarsamþykktarinnar.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hdl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 700,00.

Dómsorð:

Hús ákærðrar, Gróu Sigurrósar Sigurbjörnsdóttur, Réttarholtsvegi 28 hér í bæ, skal rifið niður á hennar kostnað.

Ákærð greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hdl., að upphæð kr. 700,00.

Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. júlí 1954.

Kærumálið nr. 14/1954.

Valdstjórnin

gegn

Emil Jónatan Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dómstólar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Dómsmálaráðherra hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. þ. m. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur.

Samkvæmt upphafsákvæði og 4. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951 skulu mál til sviptingar lögræðis sæta meðferð samkvæmt ákvæðum nefndra laga. Í Reykjavík ber slík mál því undir sakadómara, sbr. 1. mgr. 4. gr. sömu laga. Hinn kærði dómur verður því úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð :

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Sératkvæði

Jóns Ásbjörnssonar hrd. og Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Mál þetta er einkamál, sem sætir afbrigðilegri meðferð samkvæmt 4. tölulið 2. gr. laga nr. 27/1951 og lögum nr. 95/1947. Ákvæði 4. gr. laga nr. 27/1951 um héraðsdómara í opinberum málum taka því ekki til máls þessa, og ber slík mál í Reykjavík undir borgardómara samkvæmt 8. gr. laga nr. 95/1947, sbr. og 2. og 4. gr. laga nr. 65/1943. Með þessari athugasemd teljum við, að staðfesta beri hinn kærða dóm.

Póknun talsmanns stefnda hér fyrir dómi, kr. 300,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð okkar verður þannig:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Póknun talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Sigurðar Baldurssonar héraðsdómslögmanns, kr. 300,00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. júlí 1954.

Ár 1954, fimmtudaginn 15. júlí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðm. Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í lögræðissviptingarmáli Emils Jónatans Jónssonar, en mál þetta var tekið til úrskurðar eða dóms nú samdægurs.

Mál þetta er þannig til komið, að með bréfi til sakadómarara, dags. 1. júlí sl., gerði dómsmálaráðuneytið þá kröfu, að Emil Jónatan Jónsson verkamaður, til heimilis í Eddubæ við Elliðaár hér í bæ, f. 10. október 1906 á Vakursstöðum í Vindhælishreppi, yrði skv. 6. tölulið b 7. gr. l. nr. 95/1947, um lögræði, sviptur sjálfræði sínu sakir drykkjuskapar í því skyni, að honum yrði síðan ráðstafað á hæli.

Emil Jónatan mótmælti sjálfræðissviptingarkröfunni. Skipaður talsmaður hans, Sigurður Baldursson hdl., krafðist fyrir hönd Emils Jónatans frávísunar málsins og málskostnaðar að mati dómsins.

Talsmaðurinn rökstuddi kröfu sína um frávísun með því, að samkvæmt 8. gr. l. nr. 95/1947, um lögræði, ætti að bera kröfu um lögræðissviptingu hér í Reykjavík upp við borgardómara, en ekki sakadómarara. Taldi talsmaðurinn, að þetta ákvæði hefði ekki verið

úr lögum numið, hvorki með setningu l. nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, né öðrum lögum. Benti talsmaðurinn á, að enda þótt talað sé um í 4. tl. 2. gr. l. nr. 27/1951, að lögræðissviptingarmál skuli sæta rannsókn og meðferð samkvæmt þeim lögum, þá þýði það ekki annað en að málin skuli rannsakað að hætti opinberra mála, sbr. ákvæði 1. mgr. 10. gr. l. nr. 95/1947, sbr. og greinargerðina með frumvarpinu að lögum nr. 27/1951.

Samkvæmt 2. mgr. 124. gr. l. nr. 27/1951 var dómsmálaráðuneytinu gefinn kostur á því að tjá sig um málið, áður en það var tekið til úrskurðar eða dóms.

Með bréfi, dags. 13. júlí sl., svaraði dómsmálaráðuneytið á þessa leið:

„Eftir viðtöku bréfs yðar, herra sakadómari, dags. 10. þ. m., sem fylgir endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur varðandi sjálfræðissviptingarmál Emils Jónatans Jónssonar til umsagnar samkvæmt 2. málsg. 124. gr. laga 27/1951, tekur ráðuneytið fram, að við gildistöku þeirra laga hinn 1. júlí 1951 var það talinn eðlilegastur skilningur á 4. tölul. 2. gr., sbr. 1. málsg. 4. gr. laganna, að meðferð lögræðissviptingarmála félli undir sakadómaraembættið.“

Fyrir gildistöku laga nr. 27/1951, um meðferð opinberra mála, þ. e. 1. júlí 1951, fór borgardómariinn í Reykjavík með lögræðissviptingarmál hér í Reykjavík, sbr. 8. gr. l. nr. 95/1947, um lögræði, þar sem það er beinlínis tekið fram, að í Reykjavík skuli kröfu um lögræðissviptingu bera upp við borgardómara.

Eftir gildistöku laga nr. 27/1951 reis upp vafi um það, undir hvorn lögræðissviptingarmál skyldu falla hér í Reykjavík, borgardómara eða sakadómara. Dómsúrskurður gekk þó ekki um þetta, heldur var málið athugað utan réttar, og með bréfi, dags. 26. júlí 1951, til sakadómara tók dómsmálaráðuneytið fram, að „það hefur að athuguðu máli komið að þeirri niðurstöðu, að mál til sviptingar lögræðis og brotnáms lögræðissviptingar skuli í Reykjavík sæta meðferð sakadómara eftir gildistöku laga nr. 27/1951.“

Síðan hefur sakadómari fjallað um mál þessi, en ekki hefur fyrr en nú með kröfunni um frávísun málsins reynt á það, hvort sakadómari væri að lögum bær um að leggja dóm á kröfu um lögræðissviptingu eða ekki.

Úrslit máls þessa velta fyrst og fremst á því, hvort lög nr. 27/1951 hafi breytt ákvæðum laga nr. 95/1947 um, að kröfu um lögræðissviptingu skuli hér í Reykjavík bera upp við borgardómara.

Í 1. mgr. 10. gr. l. nr. 95/1947 segir, að dómari lögræðissviptingarmáls rannsaki málavexti að hætti opinberra mála.

Í 2. gr., 4. tl., l. nr. 27/1951 segir, að mál til sviptingar lögræðis og til brotnáms lögræðissviptingar skuli sæta rannsókn og meðferð samkvæmt lögnum.

I 1. mgr. 4. gr. 1. nr. 27/1951 segir, að sakadómari í Reykjavík rannsaki og fari með opinber mál.

Lögræðissviptingarmál eru ekki opinber mál, þótt þau fari að hætti opinberra mála. Ef ætlun löggjafans hefði verið sú að færa lögræðissviptingarmálin undir lögsögu sakadómara, hefði þurft skýlaus lagaákvæði fyrir því, en slík ákvæði eru hvorki finnanleg í l. nr. 27/1951 né öðrum lögum. Ákvæði 4. tl. 2. gr. 1. nr. 27/1951 eru aðeins ítrekun á ákvæðum 1. mgr. 10. gr. 1. nr. 95/1947. Verður ekki séð, að l. nr. 27/1951 raski nokkrum ákvæðum l. nr. 95/1947.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir bresta lagaheimild til þess, að sakadómarrinn í Reykjavík fjalli um lögræðissviptingarmál, og enda þótt sakadómarrinn hafi farið með þessi mál að fyrir-lagi dómsmálaráðuneytisins nú um skeið eða síðan 1. júlí 1951, haggar það ekki þessari niðurstöðu. Því ber að taka til greina framkomna kröfu og vísa máli þessu frá sakadómi.

Ákveða ber, að allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns Emils Jónatans, Sigurðar Baldurssonar hdl., er þykir hæfilega ákveðin kr. 250,00.

Dómsorð:

Lögræðissviptingarmáli Emils Jónatans Jónssonar verkamanns, Eddubæ við Elliðaár hér í bæ, vísast frá sakadómi Reykjavíkur.

Allur kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns Emils Jónatans, Sigurðar Baldurssonar hdl., að upphæð kr. 250,00.

Þriðjudaginn 21. september 1954.

Kærumálið nr. 17/1954.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

gegn

Böðvari Sigurðssyni.

Dóminn skipaðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Úrskurður héraðsdóms, sem hratt frávísunarkröfu, staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. júní sl., er hingað barst 3. þ. m. Krefjast þeir þess,